

Pingeyjarsveit og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. apríl 2017  
UST201703-161/B.S.  
10.04.03

### Efni: Tillaga að deiliskipulagi – Goðafoss. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að fjölga bílastæðum við Goðafoss austan ár og jákvætt að nýta frágengna námu sem hluta bílastæðis en hafa mætti í huga hvort unnt verði að hafa stæði fyrir rútur í námunni í stað þess að nýta hana eingöngu sem snúningssvæði. Þetta svæði mætti einnig nota sem stæði fyrir húsbíla og draga þannig úr sjónrænum áhrifum sem fylgir stórum bílastæðum þar sem fjöldi stórra bíla er lagt.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort betur færi á því að fjölga bílastæðum frekar við Fosshól í stað þess að gera bílastæði vestan við Bárðardalsveg. Í því sambandi mætti kanna hvort unnt væri að færa Bárðardalsveg austur fyrir Fosshól í ljósi þess hversu nærri vegurinn er mannvirkjum við Fosshól. Umhverfisstofnun telur að staðsetning bílastæða svo þétt við veginn gæti hamlað uppbyggingu vegarins og aukið slysaættu við veginn.

Umhverfisstofnun telur að við gerð deiliskipulags umrædds svæðis eigi að líta til lengri tíma en hér er gert og skoða þá möguleika sem fyrir hendi eru í víðara samhengi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jóansdóttir  
Sérfræðingur